

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003,
með síðari breytingum (ríkisstyrkir o.fl.).

Frá umhverfis- og samgöngunefnd.

Á fundi nefndarinnar komu Sigurbergur Björnsson, Svana Margrét Davíðsdóttir og Björn Freyr Björnsson frá innanríkisráðuneyti, Valur Rafn Halldórsson og Már Sveinbjörnsson frá Hafnasambandi Íslands, Sigurður Kristmundsson og Róbert Ragnarsson frá Grindavíkurbæ, Sigurður Pétursson og Höskuldur Steinsson frá Landssambandi fiskeldisstöðva, Auðunn F. Kristinsson frá Landhelgisgæslunni, Eva Sigrún Óskarsdóttir og Halldór Zoëga frá Samgöngustofu og Sigurrós Friðriksdóttir frá Umhverfisstofnun.

Nefndinni bárust umsagnir frá Grindavíkurbæ, Hafnasambandi Íslands, Landhelgisgæslu Íslands, Landssambandi fiskeldisstöðva, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samgöngustofu, Samtökum verslunar og þjónustu og Umhverfisstofnun.

Frumvarpið byggist á tillögum starfshóps um endurskoðun hafnalaga sem þjóna þeim tilgangi að styrkja rekstrargrundvöll hafna og gera þeim kleift að aðlagast breyttri notkun. Einnig var bætt við ákvæðum um neyðarhöfn og heimild til að eiga og reka mannvirki vegna ferja.

Umsagnaraðilar voru almennt hlynntir frumvarpinu. Í umræðu um málið kom fram að fulltrúar Hafnasambands Íslands í nefnd sem endurskoðaði núgildandi hafnalög hafi lagt til að í frumvarpi til breytinga á lögnum yrði styrkhlutfall til endurbóta 90% og nýframkvæmda 60%. Í umsögnum kom fram að hafnir hafi yfirleitt ekki bolmagn til að standa undir meira en 10% af framkvæmdakostnaði við endurbætur eða endurbyggingu. Nefndin styður framangreinda tillögu að nokkru leyti og leggur fram breytingartillögu þess efnis.

Ljóst er að verði frumvarpið samþykkt þarf að setja skýrar reglur um þau skilyrði sem hafnir þurfa að uppfylla til þess að njóta framlags ríkisins til endurbóta eða nýframkvæmda. Æskilegast og eðlilegast væri að reglugerð um þetta verði sett af innanríkisráðherra og að fullt samráð verði haft við Hafnasamband Íslands um þær reglur sem útfærðar verða í þessu efni. Þá tekur nefndin undir þau sjónarmið að mikilvægt sé við útfærslu reglna um framlög ríkisins til framkvæmda að jafnræðis verði gætt milli hafna.

Í 1. gr. frumvarpsins er fjallað um neyðarhafnir. Ljóst er að setja þarf reglugerð um atriði sem varða neyðarhafnir, en af hálfu hafnasambandsins er skýr afstaða þess efnis að þær hafnir sem flokkaðar verði sem neyðarhafnir hafi ekki af því kostnað. Því verði að tryggja neyðarhöfnum skaðleysi eins og evrópskar reglur geri ráð fyrir. Leggur nefndin til að haft verði samráð við hafnasambandið um útfærslu þeirra reglna sem settar verða um neyðarhafnir.

Í umfjöllun um málið kom upp sú skoðun hjá nokkrum umsagnaraðilum að betra væri að nota hugtakið skipaafdrepp en neyðarhöfn. Nefndin telur mikilvægt að gæta samræmis í hugtakanotkun við laga- og reglugerðarsetningu. Þykir því ástæða til að skoða hvor hugtakið „place of refuge“ verði skýrt sem skipaafdrepp í íslenskum lögum og reglugerðum. Skilgrein-

ingin yrði sú sama og áður: „höfn eða hluti hafnar eða öruggt skipalægi eða akkerislægi eða annað skýlt svæði sem Samgöngustofa auðkennir til að taka á mótí nauðstöddum skipum.“ Hugtakið skipaafdrepp yrði þá notað í þeirri rúmu merkingu að það nái jafnt yfir neyðarhafnir sem og aðra nánar tilgreinda staði sem mætti nota sem skjól fyrir skip í neyð. Þannig yrði notkun hugtaksins í fullu samræmi við skilgreininguna í tilskipun 2002/59/EB og þjónaði um leið þeim tilgangi að samræma hugtakanotkunina í íslenskum lögum og reglugerðum, auk þess að samrýmast skýringu annarra ríkja á sama hugtaki. Leggur nefndin því til að í stað hugtaksins *neyðarhöfn* verði notað hugtakið *skipaafdrepp*.

Þá voru gerðar athugasemdir við 17. gr. laganna „Gjöld“ og athygli nefndarinnar vakin á að í gjaldskrá nokkurra hafna á Vestfjörðum er fiskeldisfyrirtækjum gert að greiða aflagjald af framleiddum eldisfiski sem fluttur er úr kví um hafnarsvæði í sláturhús í landi. Fram kom að það er mat ýmissa að viðkomandi hráefni sé fiskeldishráefni en ekki sjávarafli og því verðmætið óskýrt enda er um „vöru í vinnslu“ að ræða eða vöru á mismunandi framleiðslu- stigi sem fær endanlegt verðmæti við sölu afurðar eftir slátrun og pökkun. Umsagnaraðilar töldu réttara að fiskeldisfyrirtæki greiði í stað aflagjalds, magntengt vörugjald af eldisfiski í vinnslu skv. b-lið 1. mgr. 17. gr. Með slíkri breytingu væri þjónustugjaldið magntengt en byggðist ekki á huglægu mati. Nefndin tekur undir þessi sjónarmið og telur að þetta atriði beri að skoða betur.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

1. Í stað orðsins „Neyðarhöfn“ í 1. gr. komi: Skipaafdrepp.
2. Við 7. gr.
 - a. Í stað „75%“ í a-lið 2. efnismgr. komi: 85%.
 - b. Í stað „60%“ í b-lið 2. efnismgr. komi: 75%.
 - c. Í stað „50%“ í c-lið 2. efnismgr. komi: 60%.

Birgir Ármannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 2. maí 2014.

Höskuldur Þórhallsson,
form., frsm.

Katrín Júlíusdóttir,
með fyrirvara.

Haraldur Einarsson.

Brynjar Níelsson.

Katrín Jakobsdóttir.

Brynhildur S. Björnsdóttir.

Vilhjálmur Árnason.